---

*Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.*

40. fundur Stjórnar BS bs. haldinn þriðjudaginn 28. maí 2019

kl. 17:00 í fundarsal BS bs. Hringbraut 125.

**Mættir eru:** Friðjón Einarsson, Birgir Örn Ólafsson , Andri Örn Víðisson, Trausti Arngrímsson, Haraldur Helgason, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri og Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri.

**Dagskrá.**

**<u>Formaður setur fundinn.</u>**

1. Staða byggingarframkvæmda á nýrri slökkvistöð.

   - Byggingarframkvæmdir ganga vel og er lokið við að reisa veggi annarar hæðar starfsmannaaðstöðu og sökkla fyrir bílasal. Gert er ráð fyrir að verklok verði nú 26. febrúar 2020

2. Afgreiðsla ársreiknings fyrir árið 2018

   - Ársreikningur lagður fram. *Samþykktur*.

3. Staða fjármála.

   - Staða fjármála er samkvæmt áætlun.

4. Skýrsla slökkviliðsstjóra.

   - Þróun útkalla. Allt bendir til að lítileg fækkun verði á sjúkraflutningum 2019 miðað við síðustu ár.
   - Ný slökkvibifreið. Allar vaktir hafa nú tekið æfingar á nýja slökkvibifreið og er hún komin í fremstu línu sem fyrsta dælubifreið.
   - Launaþróun. Fyrsta maí tóku síðustu ákvæðin úr síðustu samningum gildi með tilheyrandi hækkunum. Síðan eru kjarasamningsviðræður í gangi og lítur því út að samanlagðar launahækkanir verði eitthvað hærri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Því verður ekki ráðið í tvær afleysingarstöður í sumar sem fyrirhugaðar voru til að halda launaliðum innan samþykktar fjárhagsáætlun.

5. Ársfundur BS bs.

    - Ársfundur BS bs. verður haldin miðvikudaginn 12. Júní 2019 kl. 17:00 á slökkvistöðinni í Sandgerði. Stjórnarfundur verður haldin á undan kl. 16:15.

6. Önnur mál.

**Fundi slitið kl. 17:50**